

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORDURLANDI VESTRA



ÁRSSKÝRSLA 2020

2020

EFNISYFIRLIT

Starfsmenn SSNV 2020	3
Stjórnir SSNV 2018-2020 og 2020-2022	4
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020	6
Covid-19	10
Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020	11
SSNV atvinnuþróun	15
Samstarf á vettvangi ferðaþjónustunnar	18
Iðnaðaruppbýgging á Norðurlandi vestra	20
Nýsköpun	22
Digi2Market	24
Smávirkjanasjóður SSNV	26
Framúrskarandi verkefni	27
Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið	28
Skýrslur og ráðstefnur	30
Ársreikningur SSNV 2020	31

STARFSMENN SSNV 2020



Unnur Valborg Hilmarsdóttir
framkvæmdastjóri



Davíð Jóhannsson
atvinnuráðgjafi/ferðamál



Ingibergur Guðmundsson
verkefnistjóri / atvinnuráðgjafi



Katharina Ruppel
skrifstofu- og bókhaldsstörf



Kolfinna Kristínardóttir
atvinnuráðgjafi/nýsköpun



Magnús Jónsson
verkefnistjóri fjárfestinga



Matthías Rúnarsson
skrifstofu- og bókhaldsstörf



Sólveig Olga Sigurðardóttir
atvinnuráðgjafi



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
atvinnuráðgjafi

STJÓRNIR SSNV 2018-2020 OG 2020-2022



Stjórn 2018-2020 – Kjörin á 2. haustþingi
þann 19. október 2018 á Blönduósi:

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður
Álfhildur Leifsdóttir, varaformaður
Ragnhildur Haraldsdóttir
Stefán Vagn Stefánsson
Valdimar O. Hermannsson

Varastjórn:
Dagný Rósá Úlfarsdóttir
Gunnsteinn Björnsson
Halldór G. Ólafsson
Ingveldur Ása Konráðsdóttir
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

STJÓRNIR SSNV 2018-2020 OG 2020-2022



Stjórn 2020-2022 – Kjörin á rafrænu
28. árs- og 4. haustþingi SSNV
þann 23. október 2020

Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður
Halldór G. Ólafsson, variformaður
Anna Margret Sigurðardóttir
Álfhildur Leifsdóttir
Þorleifur Karl Eggertsson

Varastjórn:
Dagný Rósá Úlfarsdóttir
Gunnsteinn Björnsson
Ingveldur Ása Konráðsdóttir
Ragnhildur Haraldsdóttir
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2020

*Nú árið er liðið í aldanna skaut
og aldrei það kemur til baka,
nú gengin er sérhver þess gleði og þraut,
það gjörvallt er runnið á eilífðar braut,
en minning þess víst skal þó vaka.*


Valdimar Briem

Það er óhætt að segja að minningin um árið 2020 muni vaka um ókomna tíð. Fordæmalaust á svo margan hátt með fjölda áskorana sem snertu á nær öllum þáttum samfélagsins á Norðurlandi vestra líkt og annarsstaðar í heiminum. Eftir árið 2019, þar sem framtíðarsýn til næstu 5 ára var mörkuð með sóknaráætlun landshlutans, var í raun öllu hent upp í loft og sifellt þurfti að vera að bregðast við nýjum og breyttum aðstæðum. Þrátt fyrir þetta ögrandi umhverfi var starf SSNV fjölbreytt og segja má að það hafi markast af ýmsum nýjungum til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs.

Samkomutakmarkanir leiddu til þess að ársþing, sem halda átti í apríl, og haustþing, sem á dagskrá var í október, voru sameinuð og fóru fram 23. október á netinu. Auk hefðbundinna þingstarfa fluttu ávörp þau: Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis og Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á þinginu var kjörin ný stjórn sem tók til starfa strax að þingi loknu. Ingibjörg Huld Þórðardóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, var kjörin formaður.

STYRKIR OG ÁHERSLUVERKEFNI


Líkt og undanfarin ár hafa verkefni tengd sóknaráætlun landshlutans verið áberandi í starfi samtakanna; úthlutanir styrkja Uppbyggingarsjóðs, skilgreining áherlsruverkefna fyrir árin 2020-2021, verkefni tengd viðaukasamningum við sóknaráætlun, hvers kyns skýrslugerð og upplýsingamiðlun til ráðuneytis o.m.fl. Um áherlsruverkefni er fjallað síðar í skýrslunni en nefna má verkefnin: Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra sem ætlað er að fylga störfum í landshlutanum, Matarsvæðið Norðurland vestra í samvinnu við Vorusmiðju BioPol og Farskóla Norðurlands vestra sem styður smáframleiðendur í framleiðslu og sölu framleiðsluvara sinna og áframhald smávirkjanaverkefnis sem hefur staðið frá árinu 2017.



SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

Vegna áhrifa Covid 19 veitti ríkisstjórnin auknum fjármunum inn í sóknaráætlanir landshlutanna sem verja átti í verkefni til að sporna við áhrifum heimsfaraldurs. Með þeim fjármunum og öðrum sem færðir voru til á milli verkefna var alls veitt 47,5 milljónum til 14 verkefna sem voru hrein viðbót við áður skilgreind áhersluverkefni. Sjö þeirra lauk á árinu 2020 en hinum sjö verður lokið á árinu 2021.

Þrátt fyrir það breytta umhverfi sem skapaðist á árinu er sóknaráætlun landshlutans, sem unnin var árið 2019, í fullu gildi og engin ástæða til að gera á henni breytingar meðan enn er óvist hversu lengi ástandið varir. Sá metnaður og atorka sem í gegnum áætlunina skín verður okkur mikilvægur til að byggja upp þær greinar sem verst hafa orðið úti vegna áhrifa heimsfaraldurs að honum loknum. Þá er mikilvægt að hafa metnaðarfull en um leið raunsæ markmið að stefna að eins og sóknaráætlunin okkar innifelur.



AUKNAR FJÁRFESTINGAR Á NORÐURLANDI VESTRA

Í samræmi við samning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið frá árinu 2019 var í upphafi árs ráðinn nýr starfsmaður til að vinna að því að laða fjárfestingar inn í landshlutann.

Magnús Jónsson hóf störf í mars þegar samkomutakmarkanir voru hvað strangastar. Hans verkefni mótuðust og þróuðust eftir því sem líða tók á árið en áhrif heimsfaraldurs gerðu það að verkum að ekki hefur verið hægt að nálgast viðfangsefnið með þeim hætti sem lagt var upp með. Hins vegar hafa þegar verið stofnaðir nokkrir verkefnahópar um hugsanleg verkefni í landshlutanum. Um leið og hægt verður að fara í ferðir erlendis mun Magnús leggja land undir fót, fara á sýningar og hitta fjárfesta sem eru í fjárfestingahugleiðingum með það fyrir augum að kynna landshlutann sem vænlegan fjárfestingakost. Magnús hefur, þrátt fyrir samkomutakmarkanir, náð að mynda verðmæt tengsl innanlands sem utan sem munu reynast mikilvæg í þeirri vinnu.

NÝSKÖPUN

Með breytingu á starfsmannahópi, þegar Sólveig Olga Sigurðardóttir atvinnuráðgjafi létt af störfum í febrúar, ákvað stjórn að ráða til starfa ráðgjafa með sérstaka áherslu á nýsköpun til eflingar nýsköpunarumhverfinu í landshlutanum. Kolfinna Kristínardóttir var ráðin til verksins og hóf störf í september. Með þessu nýja starfi er verið að bregðast við þeirri þörf á að hvetja og efla nýsköpun til verðmætasköpunar á Norðurlandi vestra eins og sóknaráætlun landshlutans mælir fyrir um. Vist er að tækifærin eru óþróandi og er það hlutverk Kolfinnu að hvetja til þess að íbúar landshlutans grípi þau og veita þeim stuðning í vegferð sinni til nýsköpunar.



UPPLÝSINGAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

Á árinu hefur mikið verið lagt upp úr upplýsingamiðlun og annarskonar stuðningi við atvinnulífið í landshlutanum með rafrænum hætti. Ráðgjöf hefur mikið færst á netið og ráðstefnur og fundir á vegum samtakanna sömuleiðis. Sú þróun hefur gert það að verkum að hægt hefur verið að bjóða upp á aukna fræðslu sem fyrirtæki og frumkvöðlar hafa nýtt sér óspart. Má nefna örráðstefnur um vefverslanir, hvernig á að hrinda hugmyndum í framkvæmd og notkun sagna í markaðssetningu, auk stærri ráðstefna um úrgangsmál og framtíð atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Einnig voru haldnir fundir um umsóknaskrif í tengslum við Uppbyggingarsjóð og aðra sjóði, sem og haustfundur ferðaþjónustunnar undir yfirskriftinni *Þegar hjólin snúast á ný*. Er þá aðeins nefnt brot þeirra uppákoma sem samtökin stóðu fyrir með rafrænum hætti á árinu. Nánari er fjallað um viðburðina síðar í skýrslunni og vert að nefna að nær allir vefviðburðir eru aðgengilegir á heimasíðu, facebooksíðu, og youtube-rás samtakanna. Á þessum miðlum er því orðið til gott safn gagnlegra upplýsinga fyrir einstaklinga og fyrirtæki í landshlutanum sem aðilar á svæðinu eru hvattir til að nýta sér.

STARFSMENN

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópi samtakanna á árinu 2020. Í lok árs voru starfsmenn sjö, auk Magnúsar og Kolfinnu, sem nefnd voru hér að framan, eru eftirtaldir: Davíð Jóhannsson, ráðgjafi á sviði ferðamála, Ingibergur Guðmundsson, verkefnisstjóri

sóknaráætlunar, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri. Sú breyting varð jafnframt á starfsmannahópnum að Katharina Ruppel, sem sinnt hafði bókhaldi og skrifstofu samtakanna um árabil, létt af störfum í desember og var Matthías Rúnarsson ráðinn í hennar störf. Þeim starfsmönnum sem létu af störfum á árinu 2020 eru færðar sérstakar þakkir fyrir störf sín í þágu landshlutans.

Þeir sjö starfsmenn sem hjá samtökunum starfa eru samtals í 6,75 stöðugildum. Starfsstöðvar samtakanna eru þrjár, aðal-skrifstofa á Hvammstanga, á Skagaströnd og á Sauðárkróki. Alla jafna sækja starfsmenn með reglubundnum hætti þá þéttbýliskjarna þar sem ekki eru fastar skrifstofur samtakanna. Vegna samkomu- og ferðatökmarkana hafa slíkar heimsóknir ekki verið æskilegar en ráðgjöf þess í stað verið veitt í gegnum netið.

HÖLDUM ÓTRAUÐ ÁFRAM

Af framangreindu má sjá að sem fyrr er í nágu að snúast í starfi SSNV. Þrátt fyrir fordæmalausa tíma með öllum þeim áskorunum sem þeim hafa fylgt er starf samtakanna að eflast og taka nauðsynlegum breytingum í takt við þarfir landshlutans. Nauðsynlegt samstarf og samtal hefur aukist við aðila innan svæðis og utan en slíkt samtal er nauðsynlegt til að efla og styrkja landshlutann.

Stjórn vill þakka starfsmönnum samtakanna fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á krefjandi tímum heimsfaraldurs. Jafnframt er þeim sem og íbúum landshlutans öllum færð hvatning til að halda áfram að grípa þau tækifæri sem í landshlutanum felast því eins og sóknaráætlun landshlutans ber merki um eru þau sannarlega fjölmörg.



ÍFRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

FEBRÚAR

Undirritaður samningur um gerð fýsileikakönnunar á auknu samstarfi safna og setra. Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra óhlutar 65 milljónum til 76 verkefna. Sýndarveruleiki og Kakalaskáli fá sérstakar viðurkenningar sem framúrskarandi verkefni. Kynnisferð ferðaskipuleggjenda á í tengslum við Mídatlantic ferðakupstefnuna sem kostuð var af söknaráætlun.

APRÍL

Ráðstefna um stóðu og framtíð úrgangsmála á Norðurlandi vestra í samstarfi við SSNE. Vinnustofa um aukna sölum á netinu í samstarfi við NMÍ. Svíðsmyndir atvinnulífs á Norðurlandi vestra til ársins 2040 koma út. Stjórn SSNV samþykkir að veite allt að 50 milljónum til sérstakra átaksverkefna vegna áhrifa Covid 19 í landshlutunum. Úthlutun úr smávirkjanasjóði SSNV auglýst.

JÚNÍ

Samningur um stuðning við teknilega lausn til hljóðleiðsagnar á söfnun og setrum undirritaður. Skýrsla um tækifæri til markaðssetningar Norðurlands kemur út, m.a. styrk af Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Fjögur ferðaþjónustutengd átaksverkefni vegna áhrifa Covid 19 fara af stað. Viðaukasamningur við Sóknaráætlun Norðurlands vestra undirritaður. Gengið frá samningi við N4 um framleiðslu sjónvarpsþáttanna Uppskrift að góðum degi. Gengið frá samningi við Skottu kvíkmyndagerð um framleiðslu þáttanna Sögur af landi sem sýndir voru á RÚV í ágúst.

JANÚAR

Auglýstum eftir 10 aðilum til að taka þátt í verkefni um stafræna vegferð. Skýrsla um kolefnisspor Norðurlands vestra kom út. Stjórn veitir Ingva Hrannari Ómarssyni styrk vegna náms við Stanford háskóla.

MARS

Ráðning starfsmanns með áherslu á auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra. Undirritaður samningur um stuðning við FabLab smíðju á Sauðárkrúki. SSNV stýrður námskeið i samvinnu við Far-skólan og stéttorfélög á Norðurlandi vestra.

MAÍ

Námskeið um starfræna framþróun fyrir starfsmenn og kjörla fulltrúa á starfssvæði SSNV í samstarfi við Samband ísl. sveitarfél. Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastáða heimsækir Norðurland vestra í fylgð ráðgjafa SSNV á svíði ferðamála. SSNV standur fyrir kynningarfundi á Tækniþróunarsjóði á netinu fyrir umsækjendur á Norðurlandi vestra.



ÍFRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

ÁGÚST

Auglýst eftir samstarfsaðilum í Digi2Market Evrópuverkefnið sem SSNV er þáttakandi í. Atvinnuráðgjafi með nýsköpun sem sérsvið ráðinn til samtakanna.

JÚLÍ

Söfnun gönguleiða á Norðurlandi vestra standur yfir. Verkefnið er eitt átaksverkefna vegna áhrifa Covid 19.

SEPTEMBER

Þáttakा í MAKEathoni í samstarfi við Matís. Vefráðstefna um verslun á netinu. SSNV hlýtur styrk til að vinna fýsileikakönnun á olmenningssamgöngum á Norðurlandi vestra. Hæfnihringir - stuðningur fyrir konur í fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni - fara af stað í samstarfi nokkura landshlutasamtaka. Facebook hópurinn Nýsköpun á Norðurlandi vestra stofnaður til að efla tengsl frumkvöðla í landshlutunum.

OKTÓBER

Vefráðstefna um framtíð atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Auglýst eftir umsóknum um styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra. Örráðstefna heldin með yfirskriftinni Eru með hugmynd? 28. ársþing og 4. haustþing SSNV heldið á netinu. Örnámskeið um gerð QR kóða birt á heimásiðu SSNV.

NÓVEMBER

Vinnustofa á netinu fyrir þá sem vinna að umsóknum í Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra. Undirritaður samningur um vinnu við gerð fýsileikakönnunar vegna almennings-samgangna við Rannsóknarstofnun HA. Haustdagur ferðaþjónustunnar með yfirskriftinni Pégar hjólin snúast á ný. Örráðstefnan Hver er þín saga heldin þar sem fjallað var um hvernig nota má sögur í markaðssetningu.

DESEMBER

Ratsján, nýsköpunar og þróunarkerfni fyrir ferðaþjónustu- og tengd fyrirtæki fer af stað í samvinnu Ferðaklasons, RATA og landshlutasamtaka. Auglýst eftir tilhefningum til framúrskarandi verkefna á sínum 2020. Viðskiptaháðallinn Hugmum herra í samvinnu SSNV, Senza og Vestfjarðastofu kynntur. Mælaborð Sóknaráætlunar Norðurlands vestra gert aðgengilegt á vef SSNV. Námskeið i stafrænni markaðssetningu fyrir ferðaþjónustuáæti á Norðurlandi vestra í samvinnu við Ferðamálastofu. Nýr starfsmáður í bókhaldi og almennum skrifstofustörfum hefur stórf hjá SSNV.

VIÐ HÖLDUM ÓTRAUD

ÁFRAM 2021





COVID-19

Líkt og við á um fyrirtæki og stofnanir um allan heim hefur áhrifa Covid-19 gætt í starfi SSNV. Starfsmenn hafa þó í litlum mæli þurft að vinna heima þar sem skrifstofur samtakanna eru á þremur stöðum og því lítil hætta á að starfsemin stöðvist komi upp veikindi á einni starfsstöð. Helstu áhrifin hafa því verið á takmörkun heimsókna og fundarhalda og hefur slíkt því nær alfarið færst á netið. Af sömu sökum hefur ferðum starfsmanna á fundi utan svæðis fækkað verulega og reglulegir starfsmannafundir hafa sömuleiðis eingöngu átt sér stað á netinu. Ráðgjafafundir vegna úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði fóru eingöngu fram á netinu í stað vinnustofa í þéttbýliskjörnum á starfssvæðinu eins og verið hefur.

Áhersla hefur verið lögð á að kynna eftir mætti aðgerðir stjórnvalda til handa atvinnulífinu á miðlum samtakanna og ráðgjafar hafa veitt aðstoð eftir fremsta megni eða vísað fólkí á viðeigandi staði til úrlausnar mála. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á fræðslu og stuðning í gegnum netið, svo sem með ráðstefnum, vinnustofum og fundum.

Fjárhagslega hefur heimsfaraldur ekki haft neikvæð áhrif á starf samtakanna þar sem stjórnvöld ákváðu að auka framlög til sóknaráætlana vegna áhrifa hans eins og fjallað er um í næsta kafla. Viðbótarframlagið veitti tækifæri til að styðja með myndarlegum hætti enn frekar við atvinnulíf á starfssvæðinu á formi sérstakra átaksverkefna.

Vegna víðtækra áhrifa Covid-19 hefur hægt á framkvæmd margra verkefna sem samtökin sinna, einkum þar sem unnið er í samstarfi við aðra aðila í stjórnerfinu. Styrkhafar Uppbyggingarsjóðs hafa sömuleiðis margir þurft að seinka framkvæmd eða jafnvel hætta við þau verkefni sem stuðningur fékkst til. Við afgreiðslu slíkra mála var reynt að gæta fyllsta sveigjanleika og voru veittar heimildir til frestunar nokkurra verkefna um eitt ár. Þeim fjármunum sem til baka komu vegna verkefna sem niður félle var veitt í úthlutun ársins 2021 eða verður veitt í úthlutun ársins 2022.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2020

Árið 2020 var fyrsta árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024. Framkvæmd samningsins gekk vel.

SKIPTING SÓKNARÁÆTLUNAR

Sóknaráætluninni er skipt í þrennt: a) Sóknaráætlun landshlutans, b) Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra og c) Áhersluverkefni.



Ingibergur Guðmundsson

FJÁRMAGN

Fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2020 var alls 95.729.037 kr. Við bætist framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. Auk þessa voru viðaukasamningar að upphæð 54.900.000 kr. Þá var sérstakur samningur við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið vegna iðnaðaruppbryggingar upp á 10.000.000 kr. Aðrar tekjur námu 5.574.905 kr. Alls voru þetta 173.622.942 kr.

Skipting fjárlins var sem hér segir: a) Uppbyggingarsjóður 65.232.500 kr., sem skiptist jafnt milli menningarmála og atvinnuþróunar/nýsköpunar, b) áhersluverkefni 38.067.600 kr., c) viðaukasamningar 54.900.000 kr., d) umsýsla 12.000.000 kr. og e) óráðstafað 3.422.842 kr.

ÁHERSLUVERKEFNI 2020 – FRAMLAG ÚR SÓKNARÁÆTLUN

Áhersluverkefni ársins voru 10 talsins. Verkefnin eru:

Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra
Matvælasvæðið Norðurland vestra
Nýting glatvarma
Aukin nýsköpun í kennslu – Fab Lab
Textíll á Húnavöllum
Smávirkjanir á Norðurlandi vestra
Barnamenningaráhátið
Stafræn borg
Starfamessa
Skrifstofusetur

Upphæð: 12.467.600 kr.
Upphæð: 4.500.000 kr.
Upphæð: 3.000.000 kr.
Upphæð: 4.000.000 kr.
Upphæð: 3.000.000 kr.
Upphæð: 3.000.000 kr.
Upphæð: 2.000.000 kr.
Upphæð: 1.500.000 kr.
Upphæð: 2.000.000 kr.
Upphæð: 2.600.000 kr.

GREINARGERÐ ÚTHLUTUNARNEFDAR UPPBYGGINGARSJÓÐS

Í starfsreglum úthlutunarnefdar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Hér á eftir fylgir því stutt yfirlit yfir starfsemina á árinu 2020.

ÚTHLUTUNARNEFD:

Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Sigríður Svavarsdóttir, Þorsteinn Jóhannes Guðmundsson, Jóhanna Ey Harðardóttir og Adolf H. Berndsen

FAGRÁÐ ATVINNUÞRÓUNAR OG

NÝSKÖPUNAR:

Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður, Gunnsteinn Björnsson, Erla Gunnarsdóttir, Gunnar Tryggvi Halldórsson og Rakel Runólfssdóttir

FAGRÁÐ MENNINGAR:

Adolf H. Berndsen, formaður, Ragnheiður Halldórsdóttir, Þórunn Helga Þorvaldsdóttir, Jón Örn Stefánsson og Helga Rós Indriðadóttir.

ÚTHLUTUN STYRKJA FYRIR ÁRIÐ 2020

Á fundi stjórnar SSNV, 24. september 2019, voru samþykkтар verklags- og úthlutunareglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2020. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til og með 20. nóvember 2019.

Eins og árið áður þurftu umsækjendur að sækja um í gegnum rafræna umsóknargátt og gekk það vel. Alls bárust 113 umsóknir þar sem óskað var eftir 169 milljónum í styrki. Úthlutunarnefnd vísaði sex umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo tillögur sínar fyrir úthlutunarnefnd. Á fundi úthlutunarnefdar, 14. janúar 2020, ákvað nefndin að úthluta 76 styrkjum, alls að upphæð 65, 2 millj. kr. Formleg úthlutun styrkja fór fram í Félagsheimilinu á Hvammstanga, 13. febrúar 2020, að viðstöddum hátt í 100 manns.

Listi yfir styrkhafa 2020 og önnur atriði er snerta úthlutun styrkja er á heimasíðu SSNV.

ÚTHLUTUN STYRKJA FYRIR ÁRIÐ 2021

Í ársskýrslu 2021 verður farið yfir umsóknar- og úthlutunarferli fyrir það ár.

FUNDARGERÐIR

Fundargerðir stjórnar SSNV og úthlutunarnefdar er að finna á heimasíðu SSNV.



Frá úthlutunahátið 2020

VIÐAUKASAMNINGAR VIÐ SÓKNARÁÆTLUN

2018-2021


Verkefnið **Innviðaupphbygging vegna gagnavers á Blönduósi** hlaut stuðning til fjögurra ára, 2018-2021. Heildarupphæð stuðningsins við verkefnið er kr. 95 milljónir: 20 milljónir á árinu 2018 en svo 25 milljónir á ári á árunum 2019-2021.

2019-2020

Verkefnið **Hitaveituvæðing Óslandshlíðar, Viðvíkursveitar og Hjaltadals** hlaut stuðning til tveggja ára 2019-2020. Heildarupphæð styrksins var kr. 5 milljónir: 2,5 millj. kr. hvort ár.

2020 Viðbótarfjármagn

Í fjáraukalögum ríkisins, sem samþykkt voru þann 30. mars 2020, var ákveðið að veita viðbótarfjármagni til sóknaráætlana landshlutanna til að sporna við áhrifum Covid-19 á landsbyggðinni. Samtals fjárhæð þess stuðnings var 200 milljónir og komu 26 milljónir í hlut Norðurlands vestra. Auglýst var eftir hugmyndum að verkefnum og bárust alls 90 tillögur. Stjórn SSNV ákvað á fundi sínum þann 12. maí að styrkja 14 verkefni í 3 flokkum: verkefni til eflingar ferðaþjónustu, verkefni sem tengjast atvinnuþróun og nýsköpun og mennta- og menningarverkefni. Upplýsingar um verkefnin er að finna á heimasíðu SSNV.



Frá undirritun um viðbótarfjármagn til sóknaráætlana

SAMSTARF SAFNA

Þann 5. feb. 2020 var gengið frá samningi við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum um gerð **fýsileikakönnunar um aukið samstarf og mögulegar sameiningar safna á Norðurlandi vestra**. Um er að ræða verkefni sem hefur vísun í lið C14 í Byggðaáætlun 2018-2024 og er fjármagnað af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Markmið verkefnisins er að efla safnastarf í landshlutum.



Frá undirritun um fýsileikakönnun á samstarfi safna.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Þá hlaut SSNV styrk frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til að vinna **fýsileikakönnun á almenningssamgöngum** innan svæðis á Norðurlandi vestra. Gert er ráð fyrir að skoðuð verði þörf á almennings-samgöngum innan og á milli vinnusóknarsvæða í landshlutanum. Verkefnið er unnið í samvinnu við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

HITAVEITA OG SÓL Í SVEIT

Í desember 2020 voru veittir styrkir úr stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024:

Hitaveita í Hrútafirði, mat á jarðhitasvæði og hugsanleg stækkan hitaveitu, hlaut styrk að upphæð 7,2 millj. kr.

Sól í sveit – tóvinna, textíll og ferðamenn. Uppbygging textiltúrisma á Húnavöllum, hlaut styrk að upphæð 6 millj. kr.

SSNV ATVINNUÞRÓUN



SSNV er ætlað að vera leiðandi í uppbyggingu atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra með það að markmiði að fylga atvinnutækifærum, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem eru í boði, skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og efla hagvöxt. Störf atvinnuráðgjafa miða meðal annars að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu við þróun viðskiptahugmynda, stofnun fyrirtækja, markaðs- og rekstrar-

ráðgjöf. Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur eftirspurn aukist eftir aðstoð við rekstraráætlanir og markaðs- og kynningarstarf.

Oft á tíðum skarast verkefni tengd SSNV atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að miklu leyti atvinnuþróun/ráðgjöf til styrkþega.

Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins, þ.e. eftirfylgni með verkefnum og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu. Á árinu 2020 buðu starfsmenn samtakanna upp á rafræna vinnustofu sem fór fram á zoom. Vinnustofan var ágætlega sótt. Jafnframt var boðið upp á aðstoð við styrkumsóknargerð í gegnum fjarfundarbúnað sem er orðið algengara samskiptaform og hafa viðskiptavinir samtakanna tekið því mjög vel.

LAUS STÖRF

SSNV hefur frá árinu 2019 auglýst laus störf á svæðinu í gegnum heimasíðu samtakanna. Þá geta sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sent upplýsingar um störf í boði á starfsmann SSNV. Starfsmenn SSNV vakta einnig aðrar starfasíður og heimasíður sveitarfélaga og koma þannig upplýsingum um laus störf inn á heimasíðu samtakanna.

FUNDIR, RÁÐSTEFNUR OG NÁMSKEIÐ

Samtökin, í samstarfi við Rannís, stóðu fyrir kynningarfundi um Tæknipróunarsjóð á zoom þann 15. maí. Á fundinum fóru starfsmenn sjóðsins yfir helstu atriði ásamt því að svara spurningum frá fundargestum.

Í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands var haldin vefvinnustofa sem bar heitið *Betri umsóknir*. Á vinnustofunni var kafað í hvað einkennir góðar styrkumsóknir, áherslur sjóðsnefnda en einnig voru kynnt verkfæri sem frumkvöðlar geta nýtt sér til að styrkja umsóknirnar sínar. Upptaka af vinnustofunni er aðgengileg á heimasíðu, facebooksíðu og Youtube-síðu samtakanna.

Á haustmánuðum stóðu samtökin fyrir þremur ör-ráðstefnum á netinu. Um er að ræða ráðstefnur um málefni til að örva og styrkja rekstur. Fyrsta ráðstefnan, *Verslun á netinu*, var haldin 17. september. Farið var yfir hvað einkennir góða vefverslun, hluti sem ber að varast og hvað getur haft áhrif á sölu. Á annarri ráðstefnunni, sem fór fram 15. október, var yfirschriftin *Ert þú með hugmynd?*. Þá var fjallað um fyrstu skrefin í átt að því að koma hugmyndinni í framkvæmd. Þriðja ráðstefnan fór fram 12. nóvember þar sem var fjallað um hvernig megi nota sögur við markaðssetningu til að auka virði vörunnar. Viðburðirnir eru aðgengilegir á heimasíðu samtakanna.

Í október var blásið til vefráðstefnu í tengslum við haust- og ársþing samtakanna sem bar yfirschriftina *Framtíð atvinnulífs á Norðurlandi vestra*. Fyrirlesarar komu úr ýmsum áttum en áttu það sameiginlegt að ræða um þau tækifæri sem felast í landshlutnum: í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu, nýsköpun og menningu svo fátt eitt sé talið.

SSNV tók þátt í verkefni á haustmánuðum sem nefnist *Hæfnihringir*. Um er að ræða samstarfsverkefni nokkurra landshlutasamtaka/atvinnuþróunarfélaga, sem snýr að stuðningi fyrir konur í fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni. Hæfnihringirnir fóru af stað í lok október og stóðu yfir í fjórar til fimm vikur. Alls tóku 25 konur þátt um land allt sem var skipt upp í þrjá hópa. Námskeiðið fór fram á netinu í gegnum forritið zoom. Á námskeiðinu var meðal annars farið yfir markmiðasetningu, tímastjórnun, forgangsröðun, hugarkort, markaðssetningu á netinu og svótgreiningu.

ÍBÚAKÖNNUN

SSNV er þátttakandi í íbúakönnun landshlutanna sem Vífill Karlsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur unnið um nokkurra ára skeið. Er þetta í annað sinn sem samtökin taka þátt í könnuninni. Í henni er leitað eftir viðhorfi íbúa á landsbyggðinni til núverandi stöðu ýmissa málaflokka og framtíðarhorfa. Er það liður í því að bæta þekkingu opinberra aðila og almennings á búsetuskilyrðum á landsbyggðinni. Niðurstöður könnunarinnar geta nýst til að meta betur búsetukosti á landsbyggðinni og veitt kjörnum fulltrúum mikilvægar upplýsingar um framtíðarhorfur á sínu svæði. Könnunin var send út um mitt ár 2020 en niðurstöður kynntar í byrjun árs 2021.

SAMSTARF Á VETTVANGI FERÐAÐJÓNUSTUNNAR

Samstarfsverkvangur ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra og SSNV, sem settur var á laggirnar árið 2014, hélt áfram með virku starfi Fagráðs ferðaþjónustunnar. SSNV leggur til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með Fagráði ferðaþjónustunnar sem í sitja fulltrúar ferðamálafelaganna í Húnaþingi vestra, Austur-Húnnavatnssýslu og Skagafirði.

FAGRÁÐ FERÐAÐJÓNUSTUNNAR 2020:

Edda Brynleifsdóttir,
f.h. Ferðamálafelags Austur-Húnnavatnssýslu
Evelyn Ýr Kuhne,
f.h. Félags ferðaþjónustunnar í Skagafirði
Sigurður Líndal Þórisson,
f.h. Ferðamálafelags V-Húnnavatnssýslu (til
vors 2020)
Anna Birna Þorsteinsdóttir,
f.h. Ferðamálafelags V-Húnnavatnssýslu (frá
sumri 2020)
Unnur Valborg Hilmarsdóttir, f.h. SSNV



Davíð Jóhannsson

RÁÐGJAFI Á SVIÐI FERÐAMÁLA

Ráðgjafi á sviði ferðamála hjá SSNV, sem starfar með fagráðinu, er Davíð Jóhannsson. Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem sprottin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitarstjórna, stjórn-sýslunnar og greinarinnar sjálfrar.

SAMSTARFSSAMNINGUR

Í samstarfssamningi verkefnisins er lagt upp með að: a) skapa virkari og öflugri samstarfsverkvang í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, b) skjóta sterkari stoðum undir afkomu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra, c) greina og kortleggja ímynd, vörumerki og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, d) styðja við vörumerki og markaðs- og kynningarstarf ferðaþjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

HEIMSFARALDUR

Fljótlega á árinu varð ljóst að starfið myndilítast af ástandinu sem væri að skapast í kjölfar heimsfaraldursins og hefur það sannarlega gengið eftir. Fagráðið kom einungis saman á fjarfundum, sem reynt var að hafa fleiri en styttri, og miðla upplýsingum í báðar áttir sem nýtast mættu sem best. Sem dæmi þá kom fagráð með tillögur að átaksverkefnum sem gætu gagnast ferðaþjónustunni á svæðinu í

ástandinu en einnig vera fjárfesting inn í framtíðina, t.d. stafrænir innviðir í formi hnítsettra gönguleiða eða myndbandsklippur úr sjónvarpsefni sem teknar voru upp fyrir þáttagerð og nýtast munu áfram í kynningar-efni.

FUNDIR

Eftir árlegan samráðsfund fagráðsins með sveitarfélögunum í desember 2019 kom fram áhugi á að slíkur fundur færi fram tvisvar á ári. Það lá því beinast við að nýta slíkan fund í sameiginlegan fund með stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, sem var á ferðinni um landshlutann 18. og 19. maí. Þar kynnti hún sér staðhætti í kringum nokkur þeirra verkefna sem hafa komið á borð sjóðsins og eru í gangi eða er lokið en einnig verkefni sem höfðu ekki hlotið brautargengi í umsóknarferlinu. Eftir ákveðna óánægju á svæðinu um lakar heimtur úr sjóðnum var þetta kærkomið tækifæri til að fara yfir málin á vel heppnuðum fundi.



HAUSTDAGUR FERÐAPJÓNUSTUNNAR

Þegar ljóst var að ekki yrði hægt að halda Haustdag ferðapjónustunnar með venjulegum hætti var ákveðið að efna til viðburðar á netinu, sem tæki á þeim þáttum sem væru ferðapjónustunni mikilvægastir þegar ástandið myndi færast í

eðlilegt horf, e.t.v. á nýju ári. «Þegar hjólin snúast á ný» var svo haldin 17. nóvember og þar greindu sex sérfræðingar frá því sem þeir teldu skipta mestu máli í ákveðnum málaflokkum, s.s. sjálfbærni, innanlandsmarkaðssetningu og stafrænni þróun. Vel tókst til og mælanleg þátttaka góð.



RATSJÁIN

RATSJÁIN

Á haustdögum hófst samtal atvinnuþróunarfélaga landshlutanna, þ.m.t. SSNV, við Íslenska ferðaklasann um átaksverkefni fyrir fyrirtæki um mikilvæga þætti eftir Covid og var í framhaldinu sett upp sértæk útgáfa af svokallaðri „Ratsjá“ á landsvísu en þar fá fyrirtækin innblástur frá sérfræðingum auk þess að ræða málin sín á milli og gefa og þiggja ráð frá hvort öðru. Verkefnið fór af stað um miðjan desember, mun standa fram í byrjun apríl 2021 og eru 10 fyrirtæki af Norðurlandi þáttakendur í því.



Frá kynnisferð Mid-Atlantic

MARKAÐSSTOFA NORÐURLANDS

Sem fyrr eru sveitarfélögin á starfssvæðinu aðilar að Markaðsstofu Norðurlands í gegnum SSNV og hefur stjórn samtakanna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn MN. Því hlutverki sinnir nú Álfhildur Leifsdóttir. Talsverð samskipti eru við Markaðsstofuna, t.d. í formi funda og ýmiskonar uppýsingamiðlunar og er þeim að stórum hluta sinnt af ráðgjafa á sviði ferðamála. Í lok janúar var í tengslum við Mid-Atlantik ferðakaupstefnuna staðið fyrir kynnisferð í samstarfi við MN og var þungamiðja ferðarinnar Húnabing vestra. Á árinu lauk tveimur verkefnum, sem Markaðsstofan var framkvæmdaaðili af, og styrkt voru sem áhersluverkefni sóknaráætlunar. Það voru annars vegar viðamikil skýrsla um Áfangastaðinn Norðurland og hins vegar uppsetning á efnisveitu fyrir ljósmyndir og myndbönd, sem ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu hafa aðgang að.

Iðnaðaruppbýgging á Norðurlandi vestra



Magnús Jónsson

UMHVERFISVITUND

Hugmyndavinna er unnin samhliða nýjum áherslu fjárfesta en umhverfisvitund hefur tekið stakkaskiptum síðustu misseri og orð, eins og græn orka, kolefnispór, sjálfbærni og hringrásarhagkerfi, verið alls ráðandi í áherslu fjárfesta og svæða sem reyna að laða að fjárfesta. SSNV hefur haft í forgrunni í sinni vinnu í þessum málum leiðarljós Sóknaráætlunar Norðurlands vestra sem meðal annars eru: „Framsækið atvinnulíf með sterkar grunnstöðir sem byggja á náttúruauðlindum“ og „Samfélag sem leggur áherslu á umhverfismál“.

Áhersluverkefni SSNV, Nýting glatvarma, fór af stað á árinu og skiltgreind hafa verið þrjú verkefni þar sem skipuð hafa verið teymi sem vinna að skoðun á verkefnunum, koma þeim í farveg og kalla að sérfræðinga og rannsóknaraðila til að vinna að framgangi þeirra.

SAMSTARF

Lögð hefur verið áhersla á að efla samstarf við rannsóknaraðila, svo sem háskóla og stofnanir, sem vonandi ber ávöxt á komandi misserum. Verkefnstjóri fór á vor- og sumarmánuðum í heimsóknir til fyrirtækja og stofnana á svæðinu eftir því sem sóttvarnarráðstafanir leyfðu og kom á tengslum við aðila.

Á covid tínum er áætlað að erlendar beinar fjárfestingar hafi dregist saman um það bil 42% og talið að samdráttur verði viðloðandi áfram árið 2021 skv. UNCTAD, viðskipta- og þróunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir harðar samkomutakmarkanir um allan heim eru menn að reyna að finna leiðir til að efla fjárfestingar á sínum svæðum og SSNV er engin undantekning þar á.

Í mars 2020 tók Magnús Jónsson til starfa hjá SSNV. Hans verkefni snúa meðal annars að því að laða að fjárfestingar inn í landshlutann.

Í nýju árferði hefur verið lögð áhersla á að sækja fjarfundi og ráðstefnur, koma á tengslum í gegnum netið og nýta tímann til að undirbúa og rýna gögn fyrir fjárfesta. Unnin hefur verið undirbúningsvinna fyrir heimasíðu fyrir fjárfesta sem fer í loftið á árinu 2021.

Verkefnastjóri og framkvæmdastjóri luku við fjarnám hjá Wavteq Institute í Bretlandi sem nefnist "FDI promotion fyrir IPAs" og er sérstök að stofnunum sem eru að reyna að laða að erlenda fjárfestingu á sín svæði. Afar gagnlegt nám sem mun nýtast í vinnunni framundan.

Unnið hefur verið í því að styrkja samband við hagsmunaaðila og sérstök áhersla lögð á að koma á samstarfi við Íslandsstofu og Landsvirkjun, með það í huga að laða að fjárfesta á svæðið. SSNV hefur unnið að samstarfsverkefni með Íslandsstofu sem nefnist Græni dregillinn sem verður kynntur á árinu 2021 og gengur það starf út á að samræma aðgerðir hagsmunaaðila í því að laða að fjárfesta með grænum hvötum og umhverfissjónarmið höfð í hávegum.

GRÆNIR IÐNGARÐAR

Hafin er vinna við að skilgreina hugmyndir um græna iðngarða á Norðurlandi vestra í samstarfi við sveitarfélög og Íslandsstofu en þróunin í heiminum virðist vera á þann veg að aðilar skilgreina sérstök svæði til iðnaðaruppbýggingar með sérstökum áherslum á ákveðna geira. Í slíkum iðngörðum er nauðsynlegt að hafa tilbúnar skipulagðar löðir og þurfa innviðir að vera til staðar en fjárfestar leggja áherslu á að þegar að ákvörðun hefur verið tekin um fjárfestingu þá sé verktími stuttur, "Plug and play" hugmyndafræði.



NÝSKÖPUN

Óhætt er að fullyrða að árið 2020 hafi verið ár nýsköpunar enda kalla nýjar áskoranir á ný tækifæri. Þessar áskoranir hafa laðað fram nýjar hugmyndir á flestum sviðum atvinnulífsins. Afar mikilvægt er að sækja fram og þróa áfram atvinnulífið í sinni núverandi mynd ásamt því að hvetja til nýsköpunar á sem flestum sviðum. Með ráðningu atvinnuráðgjafa með nýsköpun sem sérvíð er verið að auka áherslu á þennan mikilvæga þátt til aukinnar verðmætasköpunar í landshlutanum.

Í september 2020 hóf Kolfinna Kristínardóttir störf sem atvinnuráðgjafi á sviði nýsköpunar. Helsta verksvið hennar er að veita ráðgjöf bæði til sprotafyrirtækja sem eru að taka sín fyrstu skref og til rótgróinna fyrirtækja. Verkefni hennar lúta einnig að aðstoð við einstaklinga sem eru að fóta sig áfram og vilja skapa sér sjálfstæðan atvinnugrunn. Sú aðstoð felst m.a. í að veita upplýsingar og verkfæri til að einfalda ferlið frá hugmynd að viðskiptum, s.s. við móturn hugmynda, gerð viðskipta- og rekstraráætlana, yfirlit yfir styrki og fjármögnunarmöguleika. Með því að styðja við umgjörð og hvata til nýsköpunar í nýjum og rótgrónum fyrirtækjum eflum við samkeppnishæfni svæðisins til framtíðar.



Kolfinna Kristínardóttir

TENGSLAMYNDUN

Á árinu var efnt til tengslamyndunar innan og utan svæðisins með það að markmiði að efla og fylgja nýsköpunarfyrirtækjum. Sem dæmi var stofnaður stuðningshópur frumkvöðla í landshlutanum í lokuhópi á netinu þar sem virk upplýsingagjöf fer fram beint til frumkvöðla. Markmiðið er því að veita frumkvöðlum tækifæri til að kynna eigin nýsköpun og deila þekkingu með nýsköpunarsamféluginu. Í hópnum var vikulegur liður á dagskrá þar sem frumkvöðull vikunnar var fenginn til að vekja athygli á hversu fjölbreytt verkefni frumkvöðlar koma að. Með því að efla tengslamyndun af þessu tagi gefst kostur á að kynnast nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi á svæðinu. Slík tengslamyndun styrkir einnig persónuleg kynni manna í milli og stuðlar þannig að gagnkvæmri aðstoð, miðlun hugmynda og sterkara félagsneti en sterkt félagsnet er frumkvöðlum afar mikilvægt.

VIÐBURÐIR

Á árinu voru fjölmargir viðburðir og vinnustofur haldnar á netinu þar sem fjallað var um nýsköpun frá ýmsum hlíðum sem nýtast frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum. Sem dæmi má nefna örráðstefnuna *Frá hugmynd að framkvæmd* þar sem fjallað var um hvernig best sé að hrinda hugmynd í framkvæmd. Einnig var boðið upp á vinnuaðstöðu á svæðinu fyrir þátttakendur í nýsköpunardeppninni MAKEathon.

Á árinu hófst vinna við kortlagningu nýsköpunarumhverfis á Norðurlands vestra þar sem leitast er við að gera tækifærum til nýsköpunar og stuðningsumhverfi frumkvöðla í landshlutanum skil. Áætlað er að birta niðurstöður á vormánuðum 2021.



Grettislaug



SSNV er þátttakandi í Norðurslóðaverkefni sem kallast Digi2Market, sem útfærst gæti á íslensku sem Stafræn leið til markaðar. Verkefninu er ætlað að taka á ýmsum áskorunum sem fyrirtæki á jaðarsvæðum glíma oft við, svo sem smæð markaðar, fjarlægð frá markaði og einangrun. Áætlað var að verkefninu myndi ljúka árið 2021 en vegna Covid-19 hefur það verið framlengt til ársins 2022.

Markmið verkefnisins er m.a. að nýta nýjungar í stafrænum markaðs- og söluhugbúnaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki staðsett fjarri markaði og aðstoða þau við að nýta sér stafræna möguleika til sölu og markaðssetningar.



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir



Mynd frá verkefnafundi Digi2market sem haldinn var í maí 2020

Aðrir þátttakendur í verkefninu eru WESTBIC, ICBAN, Udasar na Gaeltachta, University of Ulster og Karelia University. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi SSNV, leiðir verkefnið fyrir hönd samtakanna.

Samstarfsaðilar í verkefninu hittust á fjórða og fimmta verkefnafundinum á rafraenum vettvangi, engin ferðalög voru heimiluð á árinu 2020. Fjórði verkefnafundurinn var haldinn 6. – 7. maí og fimmti fundurinn var haldinn 20. – 21. október. Verkefnafundirnir eru nýttir til þess að fara yfir stöðu hvers verkefnishluta, sem hver og einn samstarfsaðili ber ábyrgð á, ásamt því að móta framhald þess.

STAFRÆNT EFNI

Í júní var loksins hægt að taka á móti tökufólki frá Tjarnargötunni vegna Covid. Tjarnargatan er framleiðslustofa og býður upp á lausnir sem snúa að markaðssetningu. Tökur stóðu yfir í fjóra daga, 15. - 16. júní og 25. - 26. júní. Tekið var upp efni hjá þeim fyrirtækjum sem taka þátt í verkefninu. Áætlað er að nýta efnið í stafræna markaðssetningu og eru nokkur fyrirtæki nú þegar byrjuð að nýta efnið. Sveinbjörg fylgdi starfsfólki Tjarnargötunnar eftir og er í vinnu með nokkrum fyrirtækjum við að nýta 360° myndir í markaðsefni.

RAFRÆNIR VIÐBURÐIR

Á árinu voru haldnir nokkrir rafraenir viðburðir í tengslum við verkefnið. Fyrsti viðburðurinn var vefráðstefna sem bar heitið: *Er vinnustaður bara hugarástand?* Ráðstefnan var haldin 27. febrúar og fór fram á netinu. Hugmyndin var að vekja athygli á kostum skrifstofusetra og tækifærum á að bjóða starfsfólki upp á starf án staðsetningar. Þar voru erindi frá Heiðari Mar, rekstraraðila Coworking á Akranesi, Skarphéðni Berg Steinarssyni, framkvæmdastjóra Ferðamálastofu og Tryggva Hjaltasyni, starfsmanni hjá CCP. Þessir aðilar fóru yfir kosti þess að vera í fjarvinnu frá höfuðstöðvum út frá mismunandi sjónarhorni. Unnar Valborg, framkvæmdastjóri SSNV, stýrði fundinum og Sveinbjörg stjórnaði útsendingu en viðburðinum var streymt á facebook síðu samtakanna og er upptaka aðgengileg þar, sem og á Youtube-síðu samtakanna. Segja má að viðburðurinn hafi farið fram á góðum tímapunkti því nokkrum vikum seinna þurfti mikill fjöldi skrifstofustarfsmanna á Íslandi að vinna heiman frá, sem vonandi hefur varpað ljósi á að starf þarf ekki að vera háð staðsetningu svo að vinnan fari fram.



Tökufolk Tjarnargötunnar að störfum í sumar

Annar viðburðurinn hélt: *Að auka sölu á netinu.* Hann var unninn í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Erindi voru frá Unni Valborgu, framkvæmdastjóra SSNV, Inga Vífla, fyrrv. starfsmanni NMÍ, Selmu Dögg, fyrrv. starfsmanni NMÍ auk tveggja viðtala: við Kidka annars vegar og Óskar Sigmundsson hins vegar. Inntakið var hvernig fyrirtæki geta aukið sölu á netinu. Hægt er að nálgast upptöku af viðburðinum á heimasíðu, facebooksíðu og Youtube-síðu samtakanna.


Þriðji viðburðurinn var haldinn 12. nóvember og bar heitið: *Hver er þín saga?* Þar var farið yfir í stuttu máli hvernig hægt væri að nota *storytelling* í markaðssetningu. Kolfinna Kristínardóttir stýrði viðburðinum en Hörður Harðarsson hjá Vert og Sveinbjörg Pétursdóttur voru með innlegg á fundinum er varða efnið. Upptaka af viðburðinum er aðgengileg á heimasíðu, facebooksíðu og Youtube-síðu samtakanna.

SMÁVIRKJANASJÓÐUR SSNV

Tilgangur Smávirkjanasjóðs SSNV er að styrkja fyrstu skrefin í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum undir 10 MW að stærð á Norðurlandi vestra.

Í apríl 2020 var auglýst eftir umsóknum um styrki í Skref 1, frummat smávirkjana, sem eru grunnrannsóknir á rennsli vatnsfalla og fyrstu hugmyndir um virkjanir og kostnað við byggingu þeirra. Umsóknarfrestur var til og með 2. júní 2020.

Alls bárust 12 umsóknir og var 8 styrkjum úthlutað. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir í maí 2021.



SMÁVIRKJANASJÓÐUR



Hrútey í Blöndu

FRAMÚRSKARANDI VERKEFNI

Á fundi stjórnar SSNV í janúar 2020 var samþykkt að veita árlega viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni sem farið hafa fram á Norðurlandi vestra árið áður. Veittar yrðu viðurkenningar í tveimur flokkum, annars végar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins végar á sviði menningar.

Kallað var eftir tilnefningum íbúa svæðisins og barst alls 31 tilnefning um tuttugu verkefni. Í framhaldi af því valdi stjórnin eitt verkefni úr hvorum flokki og voru þær viðurkenningar afhentar á úthlutunarhátið Uppbyggingsjóðs Norðurlands vestra 13. febrúar 2020.



Þorleifur Karl Eggertsson, formaður SSNV, afhendir Áskeli Heiðari Ásgeirssyni, framkvæmdastjóra 1238.is, viðurkenningu á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar.

1238.is

Verkefnið sem hlaut viðurkenningu á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar fyrir árið 2019 var sýningin 1238 á Sauðárkróki sem rekin er af fyrirtækinu Sýndarveruleika ehf. Í umsögn stjórnar segir að verkefnið sé: „einstaklega metnaðarfullt og til þess fallið að vekja mikla athygli á landsvísu. Um er að ræða fjárfestingu af stærðargráðu sem sjaldan sést í landshlutanum þar sem nýjasta tækni er nýtt til að miðla okkar sterka sagnarfi. Með verkefninu hefur skapast fjöldi starfa auk þess sem til verður mikilvæg afþreying í ferðaþjónustu sem svo mjög hefur skort á.“

Þórður kakali

Verkefnið sem hlaut viðurkenningu á sviði menningar var sýningin um Þórð kakala sem rekin er af Kakalaskála ehf. Í umsögn stjórnar segir að um sé að ræða: „verkefni sem hefur vaxið og dafnað undanfarin ár vegna hugsjónar og eldmóðs söguáhugamanns í landshlutanum og fjölskyldu hans. Síðastliðið sumar var opnuð glæsileg sýning verka eftir 14 listamenn, alls staðar að úr heiminum, sem túlka lífshlaup Þórðar Kakala sem forsvarsmaður sýningarárinnar kallar mesta stjórnþalamann allra tíma.“



Þorleifur Karl Eggertsson, formaður SSNV, afhendir forsvarsmönnum Kakalaskála, þeim Sigurði Hansen, Mariú Guðmundsdóttur og Berglindi Þorsteinsdóttur, viðurkenningu á sviði menningar.


AÐ KOMA NORÐURLANDI VESTRA OG SSNV Á KORTIÐ

Á árinu 2020 var áfram unnið að því að auka sýnileika landshlutans og miðla upplýsingum úr starfi samtakanna. Heimasíða og samfélagsmiðlar hafa verið nýttir til þess og svæðismiðlarnir hafa verið ötulir í að koma upplýsingum á framfæri. Í auknum mæli hafa fréttir af starfi samtakanna ratað í landsmiðlana og þannig vakið athygli á landshlutanum í heild. Fjölmíðlar leita gjarnan til samtakanna þegar þá vantar viðmælendur um hin ýmsu mál og hefur þá verið bent á aðila sem málið varðar.

N4

Eins og undanfarin ár var gerður samningur við sjónvarpsstöðina N4 um vinnslu efnis af Norðurlandi vestra til birtingar í þáttum stöðvarinnar. Á þeirra miðlum birtust um 70 innslög og/eða viðtöl sem flestum var jafnframt dreift á samfélagsmiðlum sem skilaði auknu áhorfi. Sérstakur samningur var gerður um þáttaröðina Uppskrift að góðum degi á Norðurlandi vestra með fjármagni úr verkefnum vegna áhrifa Covid-19. Unnar voru um 30 styttri stiklur úr þeim þáttum sem nýtast á samfélagsmiðlum.

Samstarf SSNV og N4 hefur nú staðið óslitið frá árinu 2013. Upphaf samstarfsins má rekja til niðurstöðu könnunar sem unnin var af Gallup þar sem í ljós kom að verulega hallaði á umfjöllun um mannlíf og menningu á Norðurlandi vestra í fjölmíðlum. Einnig þótti mikilvægt að skrásetja með þessum hætti mannlíf á svæðinu, eiga viðtöl við fólk um störf þess og verkefni og þannig safna aðgengilegu myndefni af íbúum, staðháttum og þróun landshlutans. Ekki er óvarlegt að áætla að á þeim árum sem samstarfið hefur varað hafi á bilinu 2-3000 manns af starfssvæðinu komið fram í þáttunum. Heimildagildi þessa efnis er því ótvíraett. Samstarf SSNV og N4 er mikilvægur liður í kynningu Norðurlands vestra bæði út á við og einnig fyrir íbúum landshlutans. Með því má segja að fáir aðrir landshlutar geti í dag státað af viðlíka fjölda þátta og viðtala sem brátt ná yfir 9 ára tímabil.



FJÖLMÍÐLAVAKTIN

Sýnileiki samtakanna er mældur af Fjölmíðlavaktinni. Frá árinu 2018 hefur fjöldi birtinga aukist jafnt og þétt. Milli áranna 2019 og 2020 helst hann nokkuð jafn ef frá eru taldar birtingar á sérvefjum sem dragast lítillega saman. Heildarfjöldi birtinga árið 2020 er 210 samanborið við 216 árið 2019. Árið 2016 var heildarfjöldi birtinga 52.



Karl við Blönduós

SKÝRSLUR OG RÁÐSTEFNUR

KOLEFNISSPOR NORÐURLANDS VESTRA

Í janúar 2020 kom út skýrslan *Kolefnisspor Norðurlands vestra* sem unnin var af Stefáni Gíslasyni hjá Environice fyrir SSNV. Var skýrslan hluti af áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands vestra árin 2018-2019.

Samkvæmt skýrslunni kemur langmesta losun gróðurhúsategunda á Norðurlandi vestra frá framræstu landi eða tæp 90%. Fram kom að endurheimt votlendis á óræktuðum framræstum jarðvegi sé árangursríkasta leiðin til að draga úr losun. Þá er einnig bent á leiðir til að minnka kolefnisspor í samgöngum, brennslu metans á urðunarstaðnum í Stekkjarvík, minni orkunotkun í landbúnaði svo fátt eitt sé talið. Til mótvægisaðgerða er talin landgræðsla og skógrækt. Skýrslu um kolefnisspor Norðurlands vestra er að finna á heimasíðu SSNV.

VEFRÁÐSTEFNA UM ÚRGANGSMÁL

Þann 1. apríl 2020 var haldin vefráðstefna um úrgangsmál í breiðum skilningi. Ráðstefnan var lokahnykkurinn á störfum starfshóps SSNV og SSNE sem hafði til skoðunar framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi.

Á ráðstefnunni voru haldin fjölmög áhugaverð erindi, m.a. um niðurstöður greiningar á úrgangsmálum á Norðurlandi, útflutning á sorpi, afsetningu lífræns úrgangs, úrgangsstjórnun hjá fyrirtækjum, líforkuver, smartvæðingu sorps, hringrásarhagkerfið, sjónarhorn sveitarfélags og fyrirtækis sem hafa náð árangri í úrgangsmálum o.fl.

Hægt er að nálgast erindi ráðstefnunnar ásamt upptöku af henni á heimasíðu SSNV.

Fjöldi annarra ráðstefna og vefvinnustofa hafa farið fram á árinu sem fjallað hefur verið um að framan.

ÁRSREIKNINGUR